

23. Stjórnarfundur, 2. apríl 2014, kl. 8:15

Mætt: Ragnhildur Jónsdóttir, Nína Síbyl Birgisdóttir, Vala Garðarsdóttir, Fanney Björg Sveinsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Kristín Hermannsdóttir, Tinna Björk Arnardóttir og Árdís Erna Halldórsdóttir.

Forföll boðuðu: Þorvarður Árnason

Fundarstjóri: Árdís Erna Halldórsdóttir

Fundarritari: Árdís Erna Halldórsdóttir

Dagskrá:

1. Ragnhildur, Eyjólfur, Vala og Fanney greina frá niðurstöðum eftir símaviðtöl við umsækjendur um stöðu verkefnastjóra Þekkingarsetursins Nýheima.

Tekin voru 9 símaviðtöl við þá umsækjendur sem uppfylltu menntunarskilyrði vegna stöðunnar og einn umsækjenda dró umsókn sína til baka.

Fimm umsækjendur voru valdir til að koma í viðtal í Nýheimum.

Þau eru Þórey Þormar með MA í Félags- og vinnusálfræði, Davíð Arnar Stefánsson með MS í landfræði, Hildur Hrönn Oddsdóttir með MS í stjórnun og stefnumótun, Bára Huld Sigfúsdóttir með MA í umhverfis- og náttúrusiðfræði og Eygló Illugadóttir, með M.ed. í Uppeldis- og menntunarfræði.

Næstu skref eru að ræða við meðmælendur hjá umsækjendum. Hringt verður í þau fimm sem verða boðuð í viðtöl. Aðrir umsækjendur fá tölvupóst.

Stefnt að því að taka viðtölin vikuna 7. – 11. apríl. Ragnhildur, Vala, Eyjólfur og Hjalti taka viðtölin.

Lagt er til að Nýheimar greiði ferðakostnað fyrir þau fjögur sem búsett eru í Reykjavík til að koma í viðtal á Höfn.

2. Nýheimar og sveitarfélagið – húsaleiga og viðhorf

Óánægja er með skyndilega hækkun á húsaleigu hjá stofnunum í Nýheimum. Formaður stjórnar Nýheima ræðir við bæjarstjóra og óskar skýringa.

3. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 9:15

